

Borgarstjórn Reykjavíkur
3. júní 2025

Umræða um húsnæðisáætlun Reykjavíkur og skipulagsbreytingar til að hraða uppbyggingu og tryggja gæði (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna)

Greinargerð

Samstarfsflokkarnir kynna uppfærða húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar sem og umfangsmiklar skipulagsbreytingar sem ganga út á að bæta ferla og stytta boðleiðir vegna húsnæðisuppbyggingar, viðhalds og utanumhalds um eignir borgarinnar. Með húsnæðisáætluninni er veitt yfirlit yfir markmið, aðgerðir borgarinnar og áherslur samstarfsflokka í húsnæðismálum þegar kemur að gæðum og óhagnaðardrifinni uppbyggingu. Gerð er grein fyrir helstu byggingarsvæðum í Reykjavík og hvernig uppbyggingu íbúðarhúsnæðis miðar, bæði á almennum markaði og þar sem borgaryfirvöld beita sér sérstaklega í samvinnu við verkalýðshreyfinguna, húsnæðissamvinnufélög, samtök eldri borgara, stúdenta, einkaaðila og eigin leigufélag borgarinnar, Félagsbústaði.